

Tillaga til þingsályktunar

um uppbyggingu geðdeilda.

Flm.: Helga Vala Helgadóttir, Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir,
Pórunn Sveinbjarnardóttir, Jóhann Páll Jóhannsson,
Kistrún Frostadóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja vinnu við að tryggja bætta aðstöðu fyrir geðsvið Landspítala og geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri. Skipaður verði starfshópur fagfólks og hagsmunaaðila, þ.m.t. notenda og aðstandenda þeirra, sem annist frumathugun, þarfagreiningu og húsrymisáætlun vegna verksins, beri saman ólíka kosti og leggi fram til-lögur að staðsetningu og stærð. Tryggt verði að nýr húsakostur mæti kröfum nútímans um mannúðlega, framsækna og fjölbreytta geðheilbrigðisþjónustu, þ.m.t. lyfjalausa geðdeild.

Starfshópurinn leggi greinargerð sína og tillögur fyrir ráðherra eigi síðar en 1. júlí 2023.

Greinargerð.

Tillaga þessi var lögð fram á 152. löggjafarþingi (14. mál) en náði ekki fram að ganga. Þingsályktunartillögu þessari svipar til þeirrar sem lögð var fram á 151. löggjafarþingi (395. mál) en hefur þó verið útvíkuð og snertir einnig starfsemi geðdeilda Sjúkrahússins á Akureyri. Með tillöggunni er lagt til að ráðist verði í markvissan undirbúning að uppbyggingu húsnæðis fyrir geðheilbrigðisþjónustu Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri, en húsakostur beggja sviða er ófullnægjandi. Brýnt er að samhliða uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut verði geðsviði spítalans fundinn fullnægjandi húsakostur sem tekur mið af þörfum fólks sem glímir við geðrænar áskoranir sem og að geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri, sem er eina sérhæfða geðdeildin utan höfuðborgarsvæðisins, fái fullnægjandi og nútímalegan húsakost.

Starfsemi geðsviðs Landspítala fer einkum fram í gömlu byggingunni við Hringbraut og á Kleppi við Elliðaárvog. Húsnæðið á Hringbraut er byggt á áttunda áratugnum eftir byggingarreglugerðum þess tíma en starfsemin á Kleppspítala hófst árið 1907. Landssamtókin Geðhjálp hafa bent á að húsnæðið við Hringbraut sé um margt óhentugt fyrir starfsemina, þannig sé til að mynda ekki gert ráð fyrir útisvæðum fyrir þá sem eru í vistun á lokuðum deildum og í gæslu vegna veikinda sinna. Húsnæði Klepps er úr sér gengið og hugmyndafræðin að baki aðstöðunni gamaldags og á skjön við nútímakröfur um mannúðlega meðferð sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir.

Í úttekt landlæknis á geðsviði Landspítala frá 2013¹ kemur fram að ástandi húsnæðis sé víða ábótavant og það standist ekki kröfur nútímans. Húsbúnaður sé úr sér genginn, skortur sé á viðtalsherbergjum og óæskilegt fyrir þennan viðkvæma sjúklingahóp hve mörg legurymannar séu í tvíbýli. Þá telji starfsmenn niðurlægjandi fyrir sig og sjúklingana að vinna og dvelja í niðurníddu umhverfi. Landlæknir kemst að þeirri niðurstöðu í úttektinni að gera þurfi

¹ www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item22653/Lokauttektarskyrsla%20-%20gedsvid%20LSHv.pdf

nauðsynlegar úrbætur á húsnæði og húsbúnaði geðsviðs sem fyrst. Síðan hefur lítið breyst í þessum efnum og sat húsakostur geðsviða eftir í þeirri húsnæðisuppbýggingu sem stendur yfir á Landspítala. Nefnd Evrópuráðsins um varnir gegn pyndingum (CPT-nefndin) hefur sett tiltekin viðmið um hvað þurfi að hafa í huga þegar veitt er meðferð á lokaðum geðdeildum. Þar er lögð áhersla á að öruggt en jafnframt hlýlegt umhverfi sé einn nauðsynlegra þátta til að mæta grunnpörfum við umönnun sjúklinga. Umhverfi sem er bjart, rúmgott og hreinlegt hefur almennt jákvæð áhrif á líðan og hegðun sjúklinga. Þetta er ekki aðeins mikilvægt fyrir sjúklingana heldur einnig fyrir starfsfólk. Að sama skapi er mikilvægt að einstaklingar sem dveljast á lokaðum deildum geðheilbrigðisstofnana hafi tök á að njóta útiveru með einhverjum hætti, a.m.k. í eina klukkustund á dag ef ástand þeirra leyfir. Hafa verður í huga að þegar einstaklingar hafa verið sviptir frelsi sínu fyrir tilstilli hins opinbera og hafa ekki sjálfrir tök eða forræði á að taka ákvarðanir um þessi atriði er varða nærumhverfi þeirra og grunnþarfir, er mikilvægt að gætt sé að þessum atriðum.

Hvað varðar húsnæði geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri er rétt að vísa til úttektar embættis landlæknis frá því í desember 2012² þar sem m.a. segir að aðstaðan á legudeild geðdeildar sé óviðunandi og óforsvaranleg til lengri tíma litið. Í árskýrslu Sjúkrahússins fyrir árið 2020³ segir að legudeild geðdeildar sé enn í því húsnæði sem tekið var í notkun 1986 og að þrátt fyrir vissar endurbætur sem gerðar hafi verið á húsnæðinu hin síðari ár standist húsnæði legudeildar ekki nútímakröfur. Ljóst má því vera að aðgerða er þörf.

Líkt og fram hefur komið var tillaga þessi lögð fram á 152. löggjafarþingi (14. mál) en náði ekki fram að ganga. Velferðarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögnum um tillöguna og bárust þrjár umsagnir, frá embætti landlæknis, Geðhjálp og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Í umsögn embættis landlæknis kom fram að landlæknir styddi tillöguna og teldi hana mikilvægt umbótaskref í geðheilbrigðismálum. Um áratugur væri liðinn síðan embættið gerði úttekt á geðsviði Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri þar sem fram kom m.a. að aðstöðu til geðheilbrigðisþjónustu innan þessara stofnana væri ábótant og hún stæðist ekki kröfur sem gerðar eru til starfsemi af þessu tagi. Löngu tímabært væri að ráðast í þá vinnu sem lögð væri til í þingsályktunartillöggunni. Í umsögn Geðhjálpar kom einnig fram stuðningur við tillöguna og þar kom fram að ein helsta hindrun innan heilbrigðiskerfisins þegar kæmi að geðheilsu væri að húsnæði geðdeilda væri komið til ára sinna, það stæðist ekki kröfur nútímans og væri beinlínis bataletjandi. Sjúkrahúsið á Akureyri skilaði einnig umsögn þar sem fram kom stuðningur við tillöguna.

Víða á Norðurlöndum hafa verið stigin mikilvæg skref á undanförnum árum í átt að mannúðlegra og heilnæmara umhverfi fyrir sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir. Í því samhengi má nefna geðsjúkrahúsið í Vejle á Jótlandi sem var opnað árið 2017 í nýrri byggingu þar sem öll innanhússhönnun tekur mið af viðurkenndum áhrifum umhverfis og húsa-kosts á geðheilsu. Einnig er vert að skoða þá uppbyggingu sem nú á sér stað við Bispebjerg-spítalann í Kaupmannahöfn⁴ og réttargeðdeildina á Sct. Hans í Hróarskeldu.⁵ Löngu er orðið tímabært að stigin verði sams konar skref á Íslandi og starfsemi geðsviðs Landspítala og geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri fundinn húsakostur þar sem er bjart, vítt til veggja og hátt til lofts og í umhverfi sem býður upp á útiveru og hreyfingu. Lagt er til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóps fagfólks og hagsmunaaðila, þ.m.t. notenda og aðstandenda þeirra, sem vinni

² www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item19217/FSA%20-%20sk%C3%BDrla%20loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf

³ https://www.sak.is/static/files/arskyrslur/2020/deildir_starfseiningar_2020_prent.pdf

⁴ www.psykiatri-regionh.dk/ny-psykiatri-bispebjerg/Sider/default.aspx

⁵ www.psykiatri-regionh.dk/NRSH/Sider/default.aspx

frumathugun, þarfagreiningu og húsrýmisáætlun vegna verksins og skili af sér greinargerð um mitt ár 2023.